

Samstarfssamningur Norðurþings og Norðurhjara

Sveitarfélagið Norðurþing, kt. 640169-5599 og Ferðapjónustusamtökin Norðurhjari, kt. 530110-1680 gera með sér svofelldan samstarfssamning um eflingu ferðapjónustu á norðausturlandi:

Norðurhjari mun í samræmi við samþykktir félagsins sinna neðangreindum verkefnum:

- Efla ferðapjónustu á svæðinu frá Kelduhverfi að Bakkafirði
- Leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar
- Auka búsetugæði á svæðinu

Þessum markmiðum hyggjast samtökin ná með því meðal annars að:

- Afla fjár til og standa að verkefnum í kynningar- og markaðsmálum fyrir svæðið sem heild
- Aðstoða við og hvetja til vöruþróunar
- Stuðla að samvinnu og tengslum meðal ferðapjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila

Ásamt ofangreindum markmiðum mun Norðurhjari leggja áherslu á aukið samstarf við Húsavíkurstofu og aðra aðila sem koma að markaðssetningu Norðurþings sem og aukinn sýnileika á samfélagsmiðlum.

Framlag Norðurþings á árinu 2021 til starfsemi samtakanna er 1.600.000 – ein milljón og sex hundruð þúsund.

Norðurhjari mun að afloknum ársfundi sínum skila ársskýrslu ásamt yfirliti yfir fjárhag samtakanna til Norðurþings.

Húsavík 19.4.2020

F. h Norðurþings

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurþings

F. h. Norðurhjara

Haldóra Gunnarsdóttir
Haldóra Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri